



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 2/2010

## **Notkun B&B Guesthouse ehf. á heitnu Bed and breakfast Keflavík**

### **I.**

#### **Erindið**

Neytendastofu barst erindi Gistihúss Keflavíkur með bréfi, dags. 15. september 2009. Í erindinu kemur fram að Gistihús Keflavíkur hafi verið starfrækt á Ásabraut í Keflavík um sex ára skeið og hafi notast við enska heitið Bed and Breakfast, Keflavík auk íslenska nafnsins. Síðustu tvö ár hafi félagið einnig rekið gistihús á gamla varnarsvæðinu undir heitinu Gistihús Keflavíkur og enska heitinu Bed and Breakfast, Keflavík Airport til aðgreiningar frá gistiheimilinu á Ásabraut. Síðastliðið sumar hafi starfsemin á Ásabraut legið niðri þar sem fyrirséð væri að félagið myndi ekki anna því vegna skorts á starfsfólki. Um haustið hafi heiti gistiheimilisins á Ásabraut verið breytt í Gistiheimilið Ásabraut og enska heiti þess Bed and Breakfast Keflavik Centrum. Félagið sé með gistiheimilin skráð á sölusíðum á Internetinu, s.s. hostelworld.com og booking.com, undir heitunum Bed and Breakfast Keflavik Airport og Bed and Breakfast Keflavik.

Á Hringbraut í Keflavík sé rekið gistiheimili undir heitinu B&B Guesthouse og þegar þangað sé hringt sé svarað „Bíbi guesthouse“. Félögin tvö reki samskonar þjónustu, þ.e. gistiheimili, og bjóði bæði upp á akstur til og frá Keflavíkurflugvelli ásamt geymslu á bíl meðan dvalið sé erlendis.

B&B Guesthouse var skráð á sömu erlendu bókunarsíður og Gistihús Keflavíkur undir heitinu B&B Guesthouse en á haustmánuðum 2009 hafi skráningunni verið breytt og við heitið bætt heitinu Bed and Breakfast Keflavik Centre. Gistihús Keflavíkur hafi orðið vart við þessa breytingu þegar viðskiptavinur sem gist hafði hjá Gistihúsi Keflavíkur við komu til landsins hafi ranglega bókað gistingu síðustu nótt sína á landinu hjá B&B Guesthouse. Viðkomandi hafði þá ekki áttað sig á því að ekki væri um sama gistiheimili að ræða.

Þegar B&B Guesthouse var innt svara vegna breytinganna hafi forsvarsmaður félagsins tjáð Gistihúsi Keflavíkur að þau hafi tekið á móti hundruðum gesta sem leitað hafi að Bed and Breakfast Keflavík og því hafi B&B Guesthouse verið fullljóst að heitið var í notkun og vinsælt



meðal ferðamanna. Að mati Gistihúss Keflavíkur sé B&B Guesthouse að reyna að blekkja viðskiptavini með því að slá heitinu Bed and Breakfast Keflavik Centre aftan við heiti félagsins. Erlendu viðskiptavinir Gistihúss Keflavíkur segi frá góðum gistað á þeim forsendum að hann heiti Bed and Breakfast Keflavik og taki líklega ekki fram að um gistaðinn á flugvelli sé að ræða. Gistihús Keflavíkur hafi getið sér gott orð fyrir snyrtimennsku, góðan morgunverð og almenna þjónustu við viðskiptavini.

Þegar skoðaðir séu gistimöguleikar í Keflavík á vefsíðunni booking.com og flokkað eftir vinsældum kemur gistiheimilið Bed and Breakfast Keflavik Airport fyrst upp en gistiheimili B&B Guesthouse sé það sjötta í röðinni.

Gistihús Keflavíkur telur B&B Guesthouse því hafa brotið gegn rétti sínum með notkun verslunarmerkis og erlends firmanafns Gistihúss Keflavíkur í þeim tilgangi að afla sér viðskipta.

Í erindinu er þess óskað að meðferð málsins verði hraðað þar sem stór hluti gistinganta fyrir næsta sumar berist að vetri og ljóst að Gistihús Keflavíkur komi til með að tapa pöntunum fyrir næsta sumar vegna hugsanlegs ruglings á nöfnunum.

## **II. Málsmeðferð.**

### **1.**

B&B Guesthouse var sent erindi Gistihúss Keflavíkur til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 21. september 2009. Í bréfinu kom fram að ekki væri vísað til lagaákvæða í erindinu en stofnunin teldi ákvæði 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu geta komið til álita í málinu.

Svar B&B Guesthouse barst stofnuninni með bréfi, ódags. en mótt. 25. september 2009. Í bréfinu kemur fram að miklar rangfærslur séu í erindi Gistihúss Keflavíkur sem erfitt sé að hrekja og feli í sér óhróður, ósannindi og atvinnuróg. B&B Guesthouse hafi verið starfrækt í átta ár undir því heiti sem sé alþjóðleg skammstöfun fyrir heitið Bed and Breakfast og allir erlendir ferðamenn skilji. Að reyna að halda því fram að einhver hafi einkarétt á slíku heiti, sem sé aðeins skilgreining á því um hverskonar gistingu sé að ræða, fari villu vegar. Uppflettingar t.d. í símaskrá sýni fram á víðtæka notkun þeirra orða.

Bent er á að frá brottför varnarliðsins heiti varnarsvæðið, þar sem Gistihús Keflavíkur reki gistiheimili sitt undir heitinu Bed and Breakfast Keflavik Airport, Ásbrú en ekki Keflavík. Af því megi sjá að sú uppstilling að tengja sig við Keflavík sé staðreyndafölsun og gerð í



blekkingarskyni við viðskiptavini, að fá þá til að halda að staðsetningin sé í Keflavík en ekki í fjögurra kílómetra fjarlægð eins og raun sé. Það skýri einnig hversvegna gestir Gistihúss Keflavíkur séu villuráfandi í Keflavík í leit að gistiheimilinu og endi hjá B&B Guesthouse enda eins og fram hafi komið í bréfi Gistihúss Keflavíkur ekki lengur rekið gistiheimili undir heiti Gistihúss Keflavíkur á Ásabraut. Af þessu sé ljóst hvers vegna gistiheimilinu á Ásbrú hafi verið valið nafnið Bed and Breakfast Keflavík Airport, til að rugla ferðamenn í ríminu.

B&B Guesthouse hafi verið rekið í átta ár og sé orðið afar vel þekkt sem slíkt og sé staðsett í hjarta Keflavíkur. Tekið er fram að nafnaskerping B&B Guesthouse hafi verið gerð þann 10. september 2009 og því sé ekki hægt að rekja rugling gesta Gistihúss Keflavíkur síðustu tvö sumur til þess.

Af hálfu B&B Guesthouse er því alfarið hafnað að um sé að ræða brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005.

## 2.

Bréf B&B Guesthouse var sent Gistihúsi Keflavíkur til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 5. október 2009. Svar barst með bréfi, dags. 15. október 2009. Í bréfinu er ítrekað að Gistihús Keflavíkur hafi notast við vörumerkið Bed and Breakfast Keflavík í tengslum við flest það sem viðkomi rekstri gistihússins um árabíl. Vörumerkið komi fram í auðkennismerki félagsins, á fatnaði, bæklingum og bifreiðum. Auk þess sem Gistihús Keflavíkur auðkenni sig með því á erlendum bókunarsíðum. Þá hafi vörumerkið Bed and Breakfast Keflavík Airport verið tekið upp fyrir annað gistihús í þeirra eigu. B&B Guesthouse hafi hins vegar ekki hafið notkun heitisins fyrir en á haustmánuðum 2009 sem augljóslega sé til þess fallið að valda ruglingi, einkum hjá erlendum viðskiptamönnum Gistihúss Keflavíkur.

Strax við upphaf notkunar vörumerkisins Bed and Breakfast Keflavík hafi skapast réttur til vörumerkisins án skráningar, sbr. 2. tölul. 3. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997. Gistihús Keflavíkur geri sér grein fyrir að ekki sé hægt að krefjast vörumerkjaréttar að almennu heiti eins og Bed and Breakfast en á því er byggt að með viðskeytinu Keflavík uppfylli vörumerkið skilyrði vörumerkjalaga um sérkenni.

Gistihús Keflavíkur telur B&B Guesthouse hafa, auk ákvæða 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, brotið gegn ákvæðum 9. gr. sömu laga og njóti einskis réttar yfir vörumerkinu Bed and Breakfast Keflavík Centrum og/eða Bed and breakfast Keflavík Centre. Þess er því krafist að B&B Guesthouse verði bönnuð notkun vörumerkisins og gert að greiða stjórnvaldssektir skv. 22. gr. laga nr. 57/2005.



### 3.

B&B Guesthouse var sent bréf Gistihúss Keflavíkur til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 23. október 2009. Svar barst með bréfi, ódags. mótt. 29. október 2009. Í bréfinu eru ítrekuð fyrri sjónarmið um að ruglingur milli aðilanna hafi staðið mun lengur og því sé notkun á heitinu Bed and Breakfast Keflavík Centre ekki um að kenna. B&B Guesthouse hafi kennt sig við Keflavík í bæklingum sínum í tvö ár sem sé lengri tími en frá því Gistihús Keflavíkur opnaði gistiheimili sitt á Ásbrú. Þá eru einnig ítrekuð fyrri rök um að Bed and Breakfast séu alþjóðleg tilvísun til þess reksturs sem báðir aðilar stundi.

Gistihúsi Keflavíkur var sent bréf B&B Guesthouse til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 2. nóvember 2009. Í bréfinu var aðilum málsins tilkynnt að gagnaöflun væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

## III.

### Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu hefur Gistihús Keflavíkur kvartað yfir notkun B&B Guesthouse á heitinu Bed and Breakfast Keflavík. Gistihús Keflavíkur hafi notast við ensku heitin Bed and Breakfast Keflavík og Bed and Breakfast Keflavík Airport fyrir gistiheimili sín. B&B Guesthouse hafi síðar hafið notkun á ensku heitunum Bed and Breakfast Keflavík Centre og Bed and Breakfast Keflavík Centrum á erlendum bókunarvefjum. Gistihús Keflavíkur telur notkunina brjóta gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 þar sem Gistihús Keflavíkur eigi rétt til vörumerkisins og notkun B&B Guesthouse á nánast samhljóða heiti valdi miklum ruglingi milli aðilanna.

Af hálfu B&B Guesthouse er því hafnað að um sé að ræða brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Bed and Breakfast sé alþjóðlegt heiti sem notað sé fyrir þá starfsemi sem báðir aðilar stundi. B&B standi fyrir Bed and Breakfast og sé þekkt í enskri tungu og meðal erlendra ferðamanna. Þá hafi félagið notað heiti þess og tengt við Keflavík í a.m.k. tvö ár.

#### 2.

Í bréfi Neytendastofu, dags. 21. september 2009, kom fram það álit stofnunarinnar að ákvæði 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu gætu komið til álita í málinu.

Í 5. gr. laganna er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Ákvæði V. kafla, svo sem 15. gr. a. gegna mikilvægu



hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 15. gr. a. segir:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd eins og glöggst sést af lögskýringargögnum þegar reglan var fyrst lögfest, svo sem greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Aðilar málsins hafa báðir notast við enskt heiti fyrir þjónustu sína sem inniheldur orðin Bed and Breakfast Keflavík. Gistihús Keflavíkur hefur þannig notast bæði við heitið Bed and Breakfast Keflavík og Bed and Breakfast Keflavík Airport en B&B Guesthouse hefur notast ýmist við heitið Bed and Breakfast Keflavík Centre eða Bed and Breakfast Keflavík Centrum. Sýnt hefur verið að aðilar hafi báðir notað heitið um eitthvert skeið og eiga því að mati stofnunarinnar báðir tilkall til auðkennisins þó það sé ekki skráð hjá opinberum aðila. Því telur stofnunin ákvæði 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 koma til álitu í málinu.

Í bréfi Gistihúss Keflavíkur, dags. 5. október 2009, kemur fram að félagið telji ákvæði 9. gr. laga nr. 57/2005 einnig geta komið til álitu í málinu. Í 1. mgr. 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir séu villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur með þeim hætti að þeim séu veittar rangar upplýsingar. Þá er í ákvæðinu talið upp í stafliðum a-g þær upplýsingar sem átt er við. Í 2. mgr. 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir séu einnig villandi ef ekki sé greint frá upplýsingum sem telja megj að almennt skipti máli fyrir neytendur. Við mat á því hvaða upplýsingar falla undir ákvæði 2. mgr. má skv. greinargerð með frumvarpi til laganna líta til þeirra upplýsinga sem tilgreindar eru í 1. mgr.



### 3.

Aðilar málsins eru keppinautar á markaði við sölu gistirýma. Þeir eru á sama markaðssvæði og markhópar þeirra þeir sömu. Að mati Neytendastofu er heitið Bed and Breakfast Keflavík lýsandi fyrir starfsemi beggja aðila þar sem merking þess er að viðkomandi bjóði gistingu auk morgunverðar og að gistingin sé í Keflavík. Neytendastofa telur þá staðreynd að gistiheimili Gistihúss Keflavíkur sé rekið í Ásbrú, gamla varnarsvæðinu, sem ber ekki sama póstnúmer og í Keflavík ekki koma til álita í málinu og ekki hafa áhrif á niðurstöðu þess.

Neytendastofa telur orðin Bed and Breakfast Keflavík svo lýsandi fyrir starfsemi og staðsetningu aðilanna og svo almenn að vart fengjust þau skráð sem vörumerki, sbr. 13. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997, og því geti þau ekki notið einkaréttar. Fyrirtæki sem velja almenn orð til auðkennis starfsemi sinni verða að hlíta því að keppinautar noti sömu eða lík orð í auðkennum sínum. Í máli þessu er ending enskra heita félaganna ólík og að mati Neytendastofu hefur ekki verið sýnt fram á að ruglingur hafi skapast milli aðilanna sem rekja má eingöngu til notkun þeirra á sambærilegum heitum.

Með vísan til framangreinds er það mat Neytendastofu að notkun B&B Guesthouse á ensku heitunum Bed and Breakfast Centre eða Bed and Breakfast Centrum brjóti ekki gegn ákvæði 15. gr. laga nr. 57/2005.

Í bréfi Gistihúss Keflavíkur er með almennum hætti vísað til þess að notkun B&B Guesthouse á auðkennunum brjóti einnig gegn ákvæðum 9. gr. laga nr. 57/2005 en ekki gerð grein fyrir hvaða staflið 1. mgr. félagið telji að notkun B&B Guesthouse á heitinu Bed and Breakfast Keflavík brjóti gegn. Þá eru ekki færð rök fyrir því með hvaða hætti notkunin brýtur gegn ákvæðinu. Með vísan til þess sem hér hefur áður fram komið telur Neytendastofa notkun enska heitisins ekki brjóta gegn ákvæði 9. gr. laga nr. 57/2005. Að sama skapi telur stofnunin notkunin ekki brjóta gegn ákvæði 5. gr. sömu laga.

### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 5. febrúar 2010

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir